

FUNDARBOÐ

189. fundur sveitarstjórnar.

Haldinn þriðjudaginn 27. janúar 2015 kl. 16:00 í stjórnsýsluhúsinu Innrimel 3.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

1. 1501001F - Sveitarstjórn - 188
2. 1501002F - Umhverfis- skipulags- og náttúruverndarnefnd - 50

Fundargerð framlögð

- 2.1. 1412024 - Leirutröð 3 - Ósk um lögbýli

Erindi barst frá Sigurbirni Inga Sigurðssyni dags. 13.12.2014, er varðar Leirutröð 3 í frístundabyggðasvæði í land Beitistaða, þar sem óskað er eftir að landspildu verði breytt úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði og kjölfarið gert að lögbýli. Umrædd frístundabyggð er 20.8 ha að stærð með 20 frístundalóðum. USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila ekki breytingu aðalskipulags á þeim forsendum að í deiliskipulagi kemur skýrt fram að ekki sé gert ráð fyrir heilsársbúsetu. Einnig er kveðið á um það í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr.6.2 lið h, er fjallar um frístundabyggð, að föst búseta er óheimil í frístundabyggð.

- 2.2. 1501011 - Endurvinnslukort

Borist hefur erindi frá Náttúran er ehf. um endurvinnslukort á landsvísu og sérþjónustu fyrir sveitarfélög. USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að hafna erindinu.

- 2.3. 1409054 - Skipanes, framkvæmdaleyfi sjóvörn

Niðurstaða Skipulagsstofnunar liggur fyrir dags. 22.12.2014 er varðar það hvort að framkvæmd sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Niðurstaðan er að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar lögð fram og kynnt. USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að framkvæmdaleyfi verði veitt að undangenginni grenndarkynningu fyrir landeiganda Skipaness og Skipaness 2, sbr. 5. mgr. 13. gr. og 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- 2.4. 1501010 - Steinsholt vatnsleiðsla

Jakob Svavar Sigurðsson 3107754369, óskar eftir styrk úr styrktarsjóði vegna efnurbóta á vatnsleiðslum. Heildarupphæð framkvæmdarinnar er kr. 407.329;-Sótt er um styrk eftir að framkvæmdum er lokið. USN nefnd



samþykkir að beina því til sveitarstjórnar að verða við umsókn bréfitara og greiða helming kostnaðar við endurbæturnar, enda er verkið í fullu samræmi við reglur sjóðsins.

2.5. 1401018 - Ölver 9 - Viðbygging

Óveruleg breyting á deiliskipulagi. Um er að ræða stækkun á sumarhúsi um 25 fm. Núverandi sumarhús er 55 fm. Engir skilmálar fylgja gildandi deiliskipulagi og gildir reglugerð frá 1992 er heimilar 60 fm. hús á frístundalóð. USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila grenndarkynningu á óverulegri breytingu deiliskipulags sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir Ölveri 5, 6, 17 og 26.

2.6. 1405047 - Stofnun lóða úr Gröf - Akur - Melhagi 2 - Jaðar

USN nefnd leggur við sveitastjórn að heimila stofnun 3 lóða úr landi Grafar lnr. 133629, Melhagi 2, stærð 1.4 ha og mun sameinast Melhaga lnr. 200319, Jaðar, stærð 2.3 ha, skilgreind sem íbúðarhúsalóð, Akur, stærð 0.7 ha, skilgreind sem annað land.

2.7. 1501015 - IGF - Sorp - framlenging á samning

Samningur sveitarfélagsins við IGF rennur út í ágúst, í samningi er ákvæði um það að hægt sé að framlengja samning um tvö ár í senn. Sveitarfélögin á svæðinu er með sameiginlegan samning við IGS og umræða hefur skapast um það meðal sveitarfélagana hvort það ætti að nýta það ákvæði. USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að nýta ákvæði í samningnum við Íslenska Gámafélagið og framlengja hann um eitt ár.

3. 1501030 - 3. fundur mannvirkja- og framkvæmdanefndar.

4. 1501031 - 3. fundur veitunefndar Hvalfjarðarsveitar.

Mál til afgreiðslu

5. 1501028 - Hafnamál við Faxaflóa.

Erindi frá Faxaflóahöfnum, dagsett 9. janúar 2015.

6. 1501029 - Þjónustusamningur um ljósleiðarasambönd milli Gagnaveitu Reykjavíkur og Hvalfjarðarsveitar.

Til samþykktar.

Aðrar fundargerðir

7. 1501021 - 127. og 128. fundir Faxflóahafna.

HVALFJARÐAR
SVEIT



23.01.2015
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.